



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Sent rafrænt á nefndarsvid@althingi.is

Reykjavík, 30. mars 2021

**Efni:** Athugasemdir við 585. mál, frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 (mennta- og menningarmál).

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu starfar samkvæmt lögum nr. 160/2008. Hlutverk stofnunarinnar er meðal annars að sinna fræðslu, ráðgjöf og stuðningi við aðstandendur, skóla og aðrar þjónustustofnanir um viðeigandi þjálfum og úrræði fyrir blinda og sjónskerta. Stofnunin úthlutar hjálpartækjum, veitir stuðning við nám á öllum skólastigum og gegnir samhæfingarhlutverki gagnvart öðrum sem veita umræddum notendum þjónustu.

Þjónustu og þekkingarmiðstöðin sinnir um 1800 notendum og þar af á þriðja hundrað einstaklingum á leik- grunn- og framhaldsskólaaldri. Ráðgjafar eru í samskiptum við kennara og aðra fagaðila alla skólagöngu barnsins, fara meðal annars í heimsóknir í skóla og starfa í þverfaglegum teymum. Í starfinu er öflun og miðlun ýmissa persónuupplýsinga um notendur nauðsynleg. Hér er um upplýsingar sem eru í eðli sínu viðkvæmar þar sem tengjast alltaf blindu eða sjónskerðingu en að mati stofnunarinnar hafa fram til þessa ekki verið nægjanlega skýrar heimildir í lögum fyrir vinnslu þessara upplýsinga.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöðin fagnar af þessum ástæðum að heimildir til öflunar og miðlunar upplýsinga m.a. í leik- og grunnskólum séu skýrðar betur í þessu frumvarpi en til að taka af allan vafa um slíka vinnslu tengda starfsemi stofnunarinnar óskum við eftir að heiti þjónustumiðstöðvarinnar verði bætt við upptalningu í eftirfarandi ákvæðum.

Í 1. gr. um breytingu á lögum um leikskóla nr. 90/2008 verði heiti þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar bætt við á eftir heiti Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins.

Í 4. gr. um breytingu á lögum um grunnskóla nr. 91/2008 verði heiti þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar bætt við á eftir heiti Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins.

Þá viljum við benda á að hlutverk þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar tekur einnig til nemenda í framhaldsskólum sem skilgrein eru sem börn fram að 18 ára aldri. Ekki virðist sett skýr heimild í lögnum til að afla og miðla upplýsingum um þá einstaklinga þegar nauðsynlegt er vegna náms þeirra. Ráðgjafar þjónustumiðstöðvarinnar sitja í mörgum framhaldsskólateymum vegna ráðgjafar og þjónustu við nemendur. Þá virðist reglugerð nr. 235/2012 um upplýsingaskyldu framhaldsskóla um skólalald, aðra kerfisbundna skráningu og meðferð persónuupplýsinga um nemendur ekki taka til slíkrar vinnslu.

Einnig má benda á að þjónustumiðstöðin sinnir mikilli þjónustu við háskólanemendur sbr. útbýr allt námsefni á aðlöguðu formi sem gerir háskólanemendum með blindu og sjónskerðingu möguleika á að stunda nám til jafns við aðra. Það kallar á öflun og miðlun upplýsinga við starfsfólk háskólanna.

f.h. þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar

*Elfa Svanhildur Hermannsdóttir, forstjóri*

---

þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu.

Hamrahlíð 17 | 105 Reykjavík | Sími 545 5800 | Fax 568 8475 | midstod@midstod.is | midstod.is